

lagt fram af umhverfisráðgjafi 28/4 '00

385. mál.
Alþingi
Erindi nr. P 125/2021
komudagur 3.5.2000

Ákvæði til bráðabirgða III

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat sbr. 11.-13. gr. laganna, í hvaða mæli skipulagsáætlanir koma í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati í rikari mæli á framkvæmdaraðila en gert er í lögnum.

Ákvæði til bráðabirgða IV

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skv. 19. gr. skal sett eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi fyrir 1. október 2000. Þangað til heldur núverandi reglugerð um mat á umhverfisáhrifum gildi sínu að svo miklu leyti sem hún stangast ekki á við lög þessi.

nál →

[Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skal unnin í samráði við samtök atvinnulífsins og samtök frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisverndar.]

Drög að tillögu að nýrri 19. gr.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, í reglugerð almenn ákvæði um:

1. tilkynningar um framkvæmdir,
2. Framsetningu matsáætlana og matsskýrslu og gögn,
3. Samráðsferlið,
4. Annarskonar mat,
5. Aðgangur almennings að gögnum,
6. Kynning á framkvæmd og úrskurðum,
7. Framlagningu frekari gagna,
8. Minniháttar breytingar á úrskurðum,
9. Samtengingu vinnu við mat á umhverfisáhrifum og útgáfu starfsleyfi,
10. Eftirlit,
11. Önnur sambærileg atriði.